



Alþingi
Erindi nr. P 131/1076
komudagur 14.3.2005

Iðnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 11. mars 2005

Efni: Frumvarp til vatnalaga og frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum


Tilv: 2005020016

Búnaðarþing 2005 fékk bæði ofangreind frumvörp til umfjöllunar.

Hvað frumvarpið um jarðrænar auðlindirvarðar, ítrekar þingið umsagnir Bændasamtaka Íslands, sem áður voru sendar og leggur sérstaka áherslu á að eignarréttur landeigenda verði virtur, en þingfulltrúum þykir hann vera fyrir borð borinn í frumvarpinu. Eðlilegt hlýtur að teljast og nauðsynlegt að setja afmörkuð skilyrði fyrir eignarnámsheimild samkvæmt 36. grein, og varað er sterklega við síðustu málsgrein þeirrar greinar, þar sem kveðið er á um ákvörðun eignarnámsbóta með þeim hætti að gróflega hallar á landeigandann. Þá lýsir búnaðarþing sterkum efasemdum við hina miklu valdatilfærslu til Orkustofnunar og telur, a.m.k. í sumum tilfellum, að eðlilegra sé að valdið verði áfram hjá ráðherra.

Um frumvarp til vatnalaga eiga hin sömu almennu sjónarmið við, en jafnframt vísast til meðfylgjandi greinargerðar ráðunautanna Árna Snæbjörnssonar og Óttars Geirssonar, sem gerst þekkja til gildandi laga og hvernig þau snerta hagsmunum bænda. Búnaðarþing 2005 tekur undir athugasemdir ráðunautanna, en leggur einnig áherslu á, að Landssambandi veiðfélaga gefist kostur á að fjalla um frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson

Athugasemdir við frumvarp til vatnalaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004 – 2005.)

(Þskj. 546 – 413. mál.)

3. gr. Skilgreiningar

3. Búsþarfir. Þar ætti skilgreiningin að vera: **Búsþarfir til landbúnaðar.**

Hugtakið landbúnaður er skilgreint með eftirfarandi hætti í jarðalögum nr. 81/2004, en samsvarandi skilgreining á hugtakinu landbúnaður þarf að koma inn í frumvarpið.

“Landbúnaður merkir í lögum þessum hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi.”

4. Þar segir; ... “fer með öll venjuleg eignarráð þess innan” ... Orðið “venjuleg” á að falla út. Á eignarlandi gildir eignarrétturinn án þess að vera að hnýta einhverju við sem dregur úr gildi hans.

9. Skilgreining á orðinu “heimilisþarfir” er allt of þröng nema skilgreiningu á bústörfum verði breytt samkvæmt ofangreindri tillögu.

Ef tillit verður tekið til ábendinga um skilgreiningu á 3. lið, þá má þessi athugasemd falla út.

14. Netlög er ekki eingöngu vatnsbotninn heldur og vatnið yfir botninum, Innan þessara marka (þar sem netin eru lögð), og netlög ná ekki eingöngu 115 m út frá vatnsbakka heldur líka 115 m út frá hólum og skerjum sem eru 115 m eða nær vatnsbakka.

Hér ætti því að vera sama skilgreining og í lögum 64/1994 sem er þannig. Netlög; “hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.”

18. Stöðuvatn. Er þetta nægjanleg skilgreining? Er kyrrstætt slétt vatn stöðuvatn ef það er nokkrir cm á dýpt?

23. Vatnsmiðlun þýðir á íslensku það að miðla vatni. Miðlun er nafnorð af sögninni að miðla (= veita). Geymsla er hins vegar nafnorð af sögninni að geyma, sem þýðir allt annað en sögnin að miðla. Vatnsmiðlun er því allt annað en geymsla vatns til að breyta náttúrulegu vatnsmagni straumvatns eða til stýringar á rennsli þess. **Vatnsmiðlun er breyting á náttúrulegu vatnsmagni í vatnsfarvegi, vatnslegi eða jarðvegi með því að veita vatni úr (af) eða í (að) farveg, leg eða jarðveg.** Og í þeirri merkingu hefur hugtakið verið notað í landbúnaði um aldir. Bændur hafa miðlað vatni í jarðveginn eftir því hvort það hefur skort, þá með áveitu eða vökvun, eða verið of mikið af því, og þá með framræslu.

Miðlunarlon er aftur á móti geymsla vatns, sem nota skal til miðlunar, þegar á þarf að halda.

Í þessari grein þarf að laga skilgreiningar og e.t.v. að bæta einni við – Geymsla?

24. Vatnsnýting er meira en hér segir ef hugtakið búsþarfir er aðeins látið þýða það sem segir í 3.tölulíð.

Hér ætti t.d. að vera; “Hvers konar notkun og nýting vatns á lögbýlum.”

11. gr. Landamerki í stöðuvötnum.

Í fjórðu málsgrein 11. greinar endar fyrsta setningin á orðunum “ sem áður segir”. Ef skilgreiningin á orðinu netlög er eins og hún er nú í frumvarpinu er hvergi minnst á hólma og sker í lagagreinunum 1. – 10.

15. gr. Forgangur að vatni.

Í raun eru ekki allar búsparfir jafnbrýnar, en spurning, hvort nokkur ástæða er til að skipta þeim. Mikilvægt er því að skilgreining á heimilis- og búspörf sé rétt.

23. gr. Heimild til vatnsmiðlunar.

Hér þarf að íhuga vel hvort það er ásættanlegt að afhenda Orkustofnun það vald sem þarna er lagt til?

Í þessari grein er verið að ræða um heimild til vatnssöfnunar og geymslu, en ekki um miðlun vatns. Orðafar í þessari málsgrein er makalaust. Talað er um að framkvæma vatnsmiðlun, þegar meint er að safna vatni og geyma það og framkvæmd vatnsmiðlunar, þegar átt er við söfnun vatns og geymslu.

25. gr. Niðurlagning mannvirkja.

Hér er verið að færa Orkustofnun það vald sem ráðherra hafði áðu. Er það æskilegt? Þá er það jafnframt spurning hvort fella eigi út ákvæði þau sem nú eru í 74. gr. vatnalaga varðandi niðurlagningu mannvirkja?

Niðurlagning mannvirkja; Þar getur verið um að ræða framræsluskurði, áveitur, vatnsveitur, sk. endurheimt votlendis eða almenn um miðlun vatns. Hér þurfa að koma ákvæði um það hvernig með skuli farið þannig að slík aðgerð skaði ekki aðila á viðkomandi svæði sem hafa aðlagð framkvæmdir á jörðum sínum að fyrri aðgerðum. Jafnframt þarf að kveða á um bætur fyrir óhagræði sem niðurlagning mannvirkja kann að hafa í för með sér.

35. gr. Tilkynningarskylda.

Hér þarf mjög alvarlega að skoða hvort heppilegt sé að veit Orkustofnun þá heimild og það vald sem þarna er lagt til. Er ekki nægjanlegar þær takmarkanir og þau fyrirmæli sem eru í skipulags- og byggingarlögum, lögum um náttúruvernd o.fl.?

Hér vantar nánari skilgreiningu á hugtakinu vatn. Er hér átt við öll stöðuvötn, ár og læki á Íslandi eða einhvern hluta þeirra? Eftir þessari grein er mönnum óheimilt að dýpka farveg lítillar lækjarsprænu, t.d. til að verjast ágangi vatns, án þess að tilkynna það Orkustofnun.

36. gr. Eftirlit og úrræði.

Er heppilegt að færa Orkustofnun það vald sem þarna er lagt til? Er Orkustofnum sá aðili sem heppilegur er til að fá svo afgerandi vald? Er þetta nauðsynlegt? Eru ekki nægjanleg fyrirmæli í öðrum lögum?

37. gr. Eignarnám.

Þekkt er að mikil óvissa ríkir ávallt um það hver eru verðmæti tiltekinnar auðlindar. Það sem er tiltölulega verðlitið í dag getur verið óhemju verðmætt í framtíðinni. Við framkvæmd eignarnáms er mikilvægt að ríkt tillit sé tekið til þessa og að þar sem að lögum um eignarnám er beitt á auðlind í einkaeign þá sé við mat á bótum litið mjög ríkt til framtíðar og þeirra möguleika sem þá kunna að koma til. Þekkt er að auðlind

sem nýta á til ákveðinna nota getur verið eða orðið mun verðmætari til annarra nota nú eða síðar.

Hér þyrftu að koma til ákvæði sem taka á ofangreindum atriðum.

Um vatnsmiðlun í jarðvegi.

Í frumvarpið vantar flestöll ákvæði, sem varða framræslu lands, og allt sem lýtur að sk. endurheimt votlendis, sem nú er mjög í tísku, en viðbúið er að einhverjir áhugamenn um endurbætur á náttúrunni fari meira fram af kappi en forsjá. Þess vegna þurfa eftirfarandi atriði að koma fram í lögnum:

Að hverjum og einum sé heimilt að miðla vatni úr eða í jarðveg í sínu landi, ef önnur lög banna það ekki, t.d. Náttúruverndarlög, og að vatnsbúskap vatnsverndarsvæðis um vatnsból sé ekki breytt með því. Framræsla á landi umfram vissa stærð er háð umhverfismati.

Að ekki sé heimilt að moka ofan í afrennslisskurð í þeim tilgangi að endurheimta votlendi ef með því er lokað fyrir afrennsli af jörð sem ofar liggur. Blotni ræktunarland annarrar jarðar eða annað nytjaland vegna þess að afrennsli frá því hefur verið lokað, skal sá er lætur loka afrennslinu bæta það tjón er hann hefur valdið.

Að efni sambærilegt við 78., 79., 80 og 81. greina nógildandi Vatnalaga verður að vera áfram í lögum. Árlega verður ágreiningur og deilur um kostnaðarþátttöku við upphreinsun skurða og illt yrði að leysa þær deilur ef Vatnalaga nyti ekki við.

Þá þarf efni 82.gr. og þar með efni 42.- 44., 46. og 47. gr. að vera áfram í lögum. Eða á e.t. v. að leysa upp þau landþurrkunarfélög, sem enn eru starfandi eftir Vatnalögum frá 1923 ?

Að lokum.

Höfum farið yfir “**Frumvarpi til Vatnalaga**” og teljum að þar þurfi að endurskoða og lagfæra ýmislegt eins og fram kemur í ofangreindri umsögn okkar.

Höfum þó ekki fjallað um þá hlið frumvarpsins sem snýr að fiskirækt í ám og vötnum. Það hefur Árni Ísaksson, veiðimálastjóri, gert og bendum við á umsögn hans um frumvarpið.

4. mars 2005
Óttar Geirsson
Árni Snæbjörnsson